



45. þing ASÍ

Áherslur ASÍ 2023 – 2024

Kjaramál og vinnumarkaður - drög

Heildarsýn og áherslur ASÍ

- Tryggja þarf að grundvallarlöggjöf um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á vinnumarkaði og samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins verði bætt til að verja og þróa réttlátan vinnumarkað.
- Tryggja þarf öflugt eftirlit á vinnumarkaði til að sporna við brotum á lögum og kjarasamningum og misnotkun á launafólki. Launþjófnaður sæti refsingum.
- Tryggja þarf að réttindi samkvæmt kjarasamningum og/eða lögum tapist ekki á grundvelli tómlætis. Tryggt verði að það verði gert í kjarasamningum og/eða með lagasetningu.
- Krafa verkalýðshreyfingarinnar er að tæknibreytingar og breytingar á atvinnuháttum leiði til bættis vinnuumhverfis og lífskjara launafólks.
- Tryggja þarf að uppbrot ráðningarsambanda, óregluleg vinna og óhefðbundin ráðningarsambönd, s.s. gerviverktaka, leiði ekki til kjaraskerðingar vinnandi fólks.

Verkefni ASÍ

- Vinna að og þrýsta á umbætur á grundvallarlöggjöf, í samræmi við loforð ríkisstjórnar tengdum lífskjarasamningunum¹, sem tryggir umgjörð um samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem og viðurlög gegn brotum á vinnumarkaði út frá hagsmunum launafólks. Önnur atriði sem falla þar undir eru aðgerðir gegn kennitöluflakki, keðjuábyrgð, fastur samráðsvettvangur yfirvalda og aðila vinnumarkaðarins um baráttuna gegn brotastarfsemi auk skipulagðs samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit á vinnumarkaði.
- Efla frekar vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar og krefjast útvíkkunar eftirlits með öllum atvinnugreinum. ASÍ krefst þess að sett verði sektarákvæði við brotum á iðnlöggjöf og ólöglegri starfsemi. Vinnustaðaeftirlit fái úrræði til að stöðva samstundis þá atvinnurekendur sem verða uppvísir að slíkum lögbrotum.
- Skoða hvernig hreyfingin getur aðstoðað alla þolendur misnotkunar og mansals, hvort sem þau standa innan eða utan stéttarféлага.
- Standa vörð um „rétt launafólks til að aftengjast“ og þau kjarasamningsbundnu réttindi sem viðhalda skilum milli vinnu og einkalífs, þ.m.t. réttinda til bakvaktar- og útkallsgreiðslna vegna tilfallandi vinnu utan hefðbundins vinnutíma skv. ákvæðum

¹ Stjórnarráðið. [Yfirlýsing ríkisstjórnar í tengslum við lífskjarasamninga](#)

kjarasamninga. Ekki síður er rík þörf á að verja réttinn til að aftengjast í þeim tilvikum þegar launafólk er frá vinnu vegna veikinda og veikinda barna.

- Fylgja eftir réttindum starfsmanna sem sinna fjarvinnu og fjareftirliti skv. samkomulagi ASÍ og SA frá 2006² og reglum Vinnueftirlitsins um vinnuvernd í fjarvinnu³. Í því tilliti vakta þróun fjarvinnu á vinnumarkaði og greina þörf úrbóta á því sviði.
- Fylgja eftir breytingum á tilhögun og styttingu vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði og knýja á um frekari breytingar með það að markmiði að allir hópar launafólks njóti góðs af þeim.
- Standa vörð um kerfi atvinnuleysistrygginga sem byggir á mannúð og virðingu gagnvart atvinnuleitendum. Þrýsta á um að kerfið tryggi afkomu atvinnuleitenda, feli í sér tækifæri til eflingar færni, veiti skilvirkan stuðning í atvinnuleit og leiði til öruggra ráðningarsambanda.⁴
- Unnið verði að því að liðka fyrir samningsgerð þannig að kjarasamningur taki við af kjarasamningi að viðlögðum dagsektum.

Greinargerð

Miklar breytingar eru að verða á íslensku atvinnulífi og vinnumarkaði vegna fólksflutninga, tæknibreytinga og áskorana í umhverfismálum. Jafnframt geta sviptingar og áföll á alþjóðavettvangi haft mikil áhrif á íslenskan vinnumarkað líkt og nýafstaðinn faraldur COVID-19 bar með sér, einkum í formi þess fjöldaatvinnuleysis sem honum fylgdi.

Samfara þessu eru breytingar að verða á atvinnuháttum - skipulagi vinnunnar og sambandi þeirra sem selja vinnuafli sitt og þeirra sem það kaupa. Þessar breytingar fela m.a. í sér minna starfsöryggi og ótryggari ráðningarsambönd í stað þeirra hefðbundnu sem hvíla á grunni hefðbundinna kjarasamninga.

Til að takast á við þessar breytingar er mikilvægt að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfis sem byggir á öflugum samtökum launafólks, kjarasamningum sem ná til vinnumarkaðarins alls, reglum um vinnusamband og öryggisnet sem tryggja öllum afkomuöryggi. Samhliða þarf að vera til staðar öflugt eftirlit sem tryggir að kjör og réttindi launafólks séu virt og að hörð viðurlög séu við launþjófnaði og öðrum brotum atvinnurekenda gagnvart launafólki.

² ASÍ. Fjarvinna: <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/radningarsambond-stofnun-og-edli/fjarvinna/>

³ Vinnueftirlitið (2022) Vinnuvernd í fjarvinnu: <https://vinnueftirlitid.is/vinnuumhverfi/oryggi-heilbrigdi/vinnuvernd-i-fjarvinnu>

⁴ ASÍ (2021) Íslenskur vinnumarkaður: https://www.asi.is/media/317291/vinumarkadsskyrsla_2021.pdf